



F U N D A R B O Ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 12. ágúst 2020 kl. 15:00 í gegnum fjarfundabúnað

Mætt voru: Kristinn Jónasson, formaður, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Finnbogi Leifsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Karitas Jónsdóttir, Sævar Jónsson og Unnur Þóra Sigurðardóttir. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

1. Fundargerð síðasta fundar 25. júní 2020.

Lögð fram og samþykkt.

2. Næstu skref Sorpurðunar Vesturlands hf.

Formaður ræddi bókun byggðaráðs Borgarbyggðar dags. 23.7.2020 þar sem sveitarfélagið leggst á móti aukinni urðun í Fíflholtum. Hann taldi bókunina hugsanlega leggja stein í götu Sorpurðunar Vesturlands hf. varðandi núverandi áform um framtíðarsýn félagsins. Hann taldi nauðsynlegt að stjórn þurfi að ná samtali við eigendur félagsins um hvert halda skuldi og taldi hann nauðsynlegt að boða til hluthafafundar.

Kristinn fór yfir núverandi starfsleyfi sem leyfir urðun á 15.000 tonn árlega og af hverju verið er að sækja um stækkun upp í 25.000 tonn. Ljóst er að félagið hefur tvö ár í röð farið fram úr leyfilegu magni til urðunar sem gengur ekki. Ef urðað er yfir leyfilegu magni eða því sem starfsleyfið segir til um kallar það á frávík frá Umhverfisstofnun eins og hefur gerst.

Hann fór yfir þær ástæður sem liggja að baki stöðunni. Neyðaraðstoð við Suðurland, sem var þó tímabundin og móttaka úrgangs frá Vestfjörðum og aukið magn sem kemur til urðunar frá Vesturlandi. Báðar þessar ákvarðanir voru teknar í samráð/samtali við yfirvöld vegna vanda fyrrnefndra svæða.

Kristinn sagði óbreytta urðun ekki framtíðina. Margt þyrfti að breytast og hefði stjórn verið að vinna í því, það nýjasta væri fýsileikakönnun á uppbyggingu á stórrí brennslu fyrir landið. Í Álfsnesi er risin gas- og jarðgerðarstöð fyrir lífrænan úrgang, flokkun endurvinnsluefna, vandlega yrði skoðað með kaup á brennsluofni fyrir dýrahæ, o.fl.

Framkvæmdastjóri fór yfir það sem gert hefur verið frá því að fok varð mikið vorið 2019. Girðingar hafa verið reistar til að spyrna við foki

frá urðunarstaðnum, verklagi við urðun breytt, ráðinn til starfa sumarstarfsmaður og stofnaður baklandshópur sem skipaður er heimafólki og kemur í átaksverkefni við að tína rusl er þurfa þykir. Hefur þessi aðferð reynst vel og allt það ágæta fólk sem kemur til vinnu hverju sinni.

Sævar taldi Borgarbyggð, einn stærsta eigenda Sorpurðunar Vesturlands hf., hafa með bókun sinni sett út á störf stjórnar félagsins og taldi hann nú hafa verið kippt harkalega í taumana þar sem nú væri búið að senda frá sér bókun sem leggst gegn aukinni urðun í Fíflholtum. Væri þetta gert án þess að ræða við forsvarsaðila Sorpurðunar Vesturlands hf. Hann áréttarði einnig að hann yrði aðeins í stjórn uns hans bakland yrði búið að finna staðgengil. Í svona vinnu tæki hann ekki þátt. Hagsmunir félagsins settir til hliðar og hreppapólitík komin í spilið.

Halldóra Lóa ræddi samfélagslega ábyrgð Borgarbyggðar, kvartanir vegna foks og meindýra kæmu inn á borð til sveitarfélagsins.

Umræða varð um áherslur sveitarfélaga á Vesturlandi í úrgangsmálum almennt. Sveitarfélög stjórna sorphirðu og flokkun á sínum svæðum en hvað frekari stefnumótun varðar þá virðist þurfa að skerpa á henni. Stækkun starfsleyfis er hluti af þeirri vinnu. Samtal verður því að eiga sér stað.

Líflegar umræður urðu um framtíð úrgangsmála, vinnu við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, eigendastefnu SV hf. o.fl.

Samþykkt að boða til hluthafafundar mánudaginn 7. september kl. 14. Formanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa fundinn samkvæmt umræðum fundarins.

3. Önnur mál.

Verkefni í Fíflholtum.

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefni sumarsins í Fíflholtum en malbiksframkvæmdum standa nú yfir. Girðingum hefur verið fjölgað og eldri hækkaðar til að bæta fokvarnir. Framkvæmdastjóri greindi einnig frá veiðum vargs á svæðinu en einkum er um að ræða fugl og ref.

Persónuverndarstefna.

Þá hefur verið unnið að innleiðingu að verkferlum, vinnsluskrá og persónuverndarstefnu fyrir félagið í samræmi við lög um persónuvernd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:25
Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir